



Reykjavík, 5. nóvember 2021  
SFS2021040161  
220. fundur  
HG/img/aög

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs


**Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi aldur bara við inngöngu í leikskóla í Reykjavík**

Á 207. fundi skóla- og frístundaráðs, 27. apríl 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:


*Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um meðalaldur barna við inngöngu (ekki innritun) á leikskóla í Reykjavík.*

**Svar:**

Samkvæmt gögnum sem tekin voru saman 25. október 2021 var meðalaldur bara við inntöku 29 mánaða. Miðgildi aldurs var 25 mánaða en flest börn voru 23 mánaða þegar þau byrjuðu (sjá mynd 1). Það sem skýrir þessa tölur er að fjöldi barna sem byrjar í borgarreknun leikskólum kemur úr sjálfsstætt starfandi leik- og ungbarnaleikskólum og eru þar af leiðandi orðin eldri þegar þau byrja. Hækkun meðalaldurs við inntöku barna skýrist að hluta til vegna hverfanna í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum og Vesturbæ þar sem framboð á leikskólaplássum hefur ekki fjölgað í samræmi við fjölgun barna á leikskólaaldri. Börnin sem eru búsett þar hafa hafið leikskóladvöl í öðrum hverfum og eru að fá pláss í sínu nærumhverfi síðar.



Í töflunni hér fyrir neðan (mynd 2) er hægt að sjá aldursdreifingu barna sem tekin voru inn í leikskólana haustið 2021.



Á næsta ári má búast við því að meðalaldur barna við inntöku verði lægri en í ár þar sem verður búið að fjölga plássum í nokkrum borgarhlutum með tilkomu Ævintýraborga, nýrra leikskóla, viðbygginga og nýrra leikskóladeilda.